

Til Allsherjarnefndar Alþingis
B.t. Rögnu Árnadóttur, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 1993
62/93/SB/imv

Frumvarp til skaðabótalaga

Stjórn Læknafélags Íslands hefur fjallað rækilega um ofangreint frumvarp, hinar einstöku greinar þess, skýringar og dæmi sem lagagreininum fylgja.

Frumvarpið hefur verið lagað og fært í nokkrum atriðum í betri buning en var í þeirri fyrstu mynd sem kynnt var LÍ. Frá þessum breytingum er greint í inngangi í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Fremur heldur en að gera athugasemdir við einstakar greinar laganna skal bent á veigamikil atriði að mati stjórnar LÍ, er taka skyldi til athugunar við endanlegan frágang og síðar afgreiðslu frumvarps þessa.

Eftir líkamstjón hafa einstaklingar hlotið mat sem nefnt hefur verið annars vegar "tímabundin örorka" og hins vegar ef ástæða hefur orðið til "varanleg örorka". Í fyrra tilvikinu er tekið tillit til atvinnutaps eða atvinnutjóns og þar með eftir atvikum tekjumissis en jafnframt til þjáninga. Eftir þessu hefur farið mishátt og mislangvarandi örorkustig en tímabundið þó. Ekki er sýnt fram á það með rökum að þessi háttur hafi ekki fullnægt því skilyrði að meta í senn og sem næst réttu fjárhagsskaða tímabundið og þjáningar tímabundnar. Því verður ekki séð að horfi til neinna bóta að kveða á sérstaklega um tímabundið atvinnutjón sbr. 2. grein frumvarpsins og um þjáningar sbr. 3. grein frumvarpsins og vafasamt er þrátt fyrir einföldun að staðla bætur og þá m.a. eftir því hvort einhver er þjáður á fótum eða rúmliggjandi.

Hið tímabundna örorkumat tekur vel á báðum þessum þáttum og metur í ljósi alvarleika þess sem líkamstjónið hefur valdið og speglast

í gögnum viðkomandi veikindum og hæfni til að fara aftur til starfa.

Þegar einstaklingur nær ekki fullum bata eftir líkamstjón kemur að lokum, eftir nógildandi reglum, til varanlegs örorkumats. Slíkt mat rétt eins og hið tímabundna getur aldrei með nokkrum rétti verið annað en læknisfræðilegt. Hin læknisfræðilega varanlega örorka tekur bæði tillit til þess sem nú er kallað varanlegur miski sem og til þess sem nú er skilgreint sem örorka eftir frumvarpinu þ.e. varanleg skerðing á getu til að afla vinnutekna.

Sérstakar töflur eru yfir örorkustig þar sem hvorutveggja þessara þátta eru reiknaðir inn í. Töflurnar hafa orðið til með samvinnu læknisfræðilegra sérfræðinga á sviði örorkumats. Með þessum töflum eru tryggðar bætur fyrir alvarlegt líkamstjón en þar eru einnig tryggðar bætur fyrir minna líkamstjón en í þeim tilvikum getur tjónþolinn orðið aftur vinnufær (sbr. það sem stendur í lagafrumvarpinu) en hann býr við annað heilsustig en áður-ofkast einhverjar þjáningar og þá aðallega í mynd verkja eða óeðlilegrar þreytu.

Þótt ekki skuli dregið úr þeirri viðleitni sem fram kemur í frumvarpinu að greina á milli miska og þess að geta aflað tekna þá verður það að segjast hér eins og annars staðar að það hefur öllum reynst erfitt í eitt skipti fyrir öll að greina alfarið í sundur líkama og sál.

Hið samtvinnaða bæði tímabundna og varanlega örorkumat er því mun eðlilegra. Í því koma fram tímabundið eða varanlega báðir þeir þættir sem frumvarpið reynir að aðskilja og metnir af þeim sem það geta þ.e. læknum.

Því verður einnig að líta svo á að svonefnd örorkunefnd sé óþarft fyrirbrigði og með ólíkindum er að sjá í athugasemdum við 10. grein frumvarpsins setningu sem svo hljóðar "horfið verður frá mati sem í aðalatriðum er talið læknisfræðilegt. Í stað þess kemur svonefnt fjárhagslegt örorkumat sem felur í sér álit á því hvort og að hve miklu leyti geta tjónþola til að afla vinnutekna hefur skerst varanlega. Vegna þessa er nauðsynlegt að örorkumat verði ekki einungis í höndum lækna (!) (leturbreyting stjórnar Lí)

Hið fjárhagslega mat er hluti af læknisfræðilegu örorkumati, undirþáttur en ekki sjálfstæður matshluti. Örorkunefnd er því óþörf og það hlutverk hennar m.a. að semja örorkustigstöflur og miskastigstöflur eru einnig óþarfar. Slíkar töflur eru til. Þær hafa verið gerðar af þeim sem til þess hafa kunnáttu og þær munu áfram verða þróaðar og endurmetnar af slíkum aðilum. Tilkoma lögfræðings inn í svonefnda örorkunefnd þjónar engum skynsamlegum tilgangi og lögfræðingar hafa enga faglega þekkingu á örorkumati og þeir eru af eðlilegum ástæðum hvorki betur til þess fallnir eða verri eftir atvikum að reikna út augljóst fjárhagslegt tjón sem verður miðað við skerðingu vinnugetu. Það út af fyrir sig getur hver sem er. En mat á afleiðingum líkamstjóns samtvinnað miskanum og hæfni til að afla tekna getur einungis verið í höndum lækna.

Dæmi þau sem tekin eru um stigamat á varanlegum miska með athugasemdum um 4. grein á bls. 30 eru auðvitað dæmi og ekki tæmanleg upptalning en líta algjörlega fram hjá alvarlegustu afleiðingum líkamstjóns sem eru, að dauða einum undanskildum, á miðtaugakerfi mannsins.

Í frumvarpinu eru fastákveðnar fjárhæðir vegna líkamstjóns. Þetta er gert til einföldunar og hefur sína kosti en umdeilanlegt er auðvitað hvort bætur eiga að lækka eftir 26 ára aldur og enn eftir 60 ára aldur og eins orka staðlaðar bætur tvímælis þrátt fyrir þær greinagóðu skýringar sem á því eru með frumvarpinu og þrátt fyrir það svigrúm sem heimilað er til breytinga á þessum tölum við sérstök skilyrði sem væntanlega yrði þá alltaf ágreiningur um hvort væru fyrir hendi og hversu bæri að túlka.


Miklu líklegra er að núverandi aðferðir þar sem læknisfræðilegir sérfræðingar meta tímabundna og varanlega örorku tryggji betur raunverulegar bætur sem hlýtur að taka bætur af öllum þáttum viðkomandi tjónþola.

Ofanskráð varðar grundvallaratriði og þar með eitt megin nýmælið í hinu nýja frumvarpi og hinum nýju lögum ef frumvarpið verður samþykkt. Þetta þarfnast áfram frekari skoðunar.

Önnur ákvæði frumvarpsins gefa ekki tilefni til athugasemda og eru mörg hver ekki aðeins skýr heldur horfa einnig til bóta. Má þar nefna bætur til þeirra sem eru heimavinnandi en afla ekki tekna á launamarkaði, bætur til maka og barna tjónþola og rétt til endurupptöku sbr. 11. grein frumvarpsins ef ófyrirsjáanlegar breytingar hafa orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig (eins og frumvarpið kveður á um) sé verulega hærra en áður var talið. Þetta er mjög nauðsynlegt því svo mikilvægt sem það er að ljúka uppgjöri eftir líkamstjón innan hæfilegs tíma sem tekur m.a. mið að læknisfræðilegum forsendum geta þau tilvik ávallt verið fyrir hendi að ófyrirsjáanlegar afleiðingar komi fram. Er oft vikið að þeim í niðusrstöðu örorkuvottorða en ekki hægt að dæma út frá þeim möguleika þegar gengið er frá mati hverju sinni.

Eins og sjá má af athugasemdum þeim sem fram eru komnar varða þær fyrstu 11 greinar 1. kafla frumvarpsins og ýmis hugtök þar með en við áðrar lagagreinar eða athugasemdir með þeim eru ekki gerðar athugasemdir.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar LÍ


Sverrir Bergmann
formaður LÍ.